

Dags eftirlits	17.10.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Kjartan Guðmundsson
Fyrirtæki	Ísteka ehf.	Eftirlitsmaður	Kjartan Guðmundsson
Heimili	Grensásvegur 8	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6112003150	Flokkur	Lyfjaiðnaður
Fulltrúi fyrirtækis	Eydís Sigvaldadóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Arnþór Guðlaugsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu voru tvö frávík skráð vegna skorts á skilum á ársyfirlits og umhverfisupplýsingum fyrir árið 2024. Ein ábending var sett fram um frágang fráveitukerfis.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með starfsemi Ísteka hf. að Eirhöfða þann 17. október 2025.

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunavarnareftirlit.

- Staða frá síðasta eftirliti
- Kröfur í starfsleyfi
- Úrgangur og spilliefni
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Skoðunarferð

- Staða frá síðasta eftirliti

Við síðasta eftirlit kom fram ábending um gólfhalla. Rekstraraðili hafði brugðist við ábendingunni með fullnægjandi hætti.

Veitur eru að endurnýja lagnir á Ártúnshöfða samhliða uppbyggingu svæðisins. Árið 2024 kom í ljós að tenging við fráveitu frá starfsemi Ísteka á svæðinu virðist ekki vera í samræmi við gildandi reglur. Þar sem rekstraraðili er aðeins með starfsleyfi til 2028 og er að biðja eftir að vita hvort starfsemin verði áfram á Eirhöfða, var ekki ráðist í breytingar á fráveitukerfi. Rekstraraðila er bent á að kanna frágang fráveitukerfis ef til stendur að sækja um starfsleyfi á sama stað þegar núverandi starfsleyfi rennur út 2028.

- Kröfur í starfsleyfi

Starfsleyfi Ísteka hf. Eirhöfða gildir til ársins 2028. Í starfsleyfi kemur fram að heimilt er að framleiða allt að 20 kg/ári af lyfjaefni úr allt að 600 tonnum af blóði hryssa á ári. Umfang starfseminnar er í samræmi við starfsleyfi.

Í starfsleyfi kemur fram að skila skuli ársyfirliti og umhverfisupplýsingum fyrir 1. maí ár hvert. Í eftirlitinu kom fram að engin gögn hafa verið send Umhverfis- og orkustofnun fyrir árið 2024. Það er frávík frá gr. 4.3 og 4.4 í starfsleyfi. Í kjölfar eftirlits sendi rekstraraðili bæði ársyfirlit og umhverfisupplýsingar og barst það stofnuninni þann 12. nóvember 2025.

Rekstraraðila var bent á að skila þarf sér ársyfirliti og sér umhverfisupplýsingum fyrir hvora starfsstöð (Grensás og Eirhöfða) þar sem um er að ræða aðskilin starfsleyfi.

- Úrgangur og spilliefni

Fram kom að rekstraraðili sendir lífrænt hrat og fast efni til endurvinnslu.

Lítill starfsemi er á Eirhöfða á veturna og engin vinnsla átti sér stað þegar eftirlit fór fram. Lítið er um notkun spilliefna, en þar er efnagreyna,

- Kynning á meðfylgjandi gögnum

Í eftirlitinu fór fram kynning á fylgigögnum frá Umhverfis- og orkustofnun sem tengjast breyttu verklagi við boðun og framkvæmd eftirlits, auk leiðbeininga um olíuskiljur.

- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Áhættumat fyrir árið 2025 til ákvörðunar tíðni eftirlits var yfirfarið í samræmi við 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

6. Skoðunarferð

Farið var í skoðunarferð um aðstöðuna að Eirhöfða. Lítil starfsemi var í húsinu. Starfsemi var í samræmi við kröfur starfsleyfis.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr 4.3 í starfsleyfi	Ársyfirliti fyrir árið 2024 var skilað seint og barst stofnuninni þann 12. nóvember 2025.
gr. 4.4 í starfsleyfi	Umhverfisupplýsingum fyrir árið 2024 var skilað seint og barst stofnuninni þann 12. nóvember 2025.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að kanna frágang fráveitukerfis, ef til stendur að sækja um starfsleyfi á sama stað þegar núverandi starfsleyfi rennur út 2028.

Reykjavík, 19.11.2025

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Kjartan Guðmundsson